



Barst með tölvupósti 8. júlí 2026

Efni: Endurskoðun fjallskilasamþykktar

Til aðildarsveitarfélaga fjallskilasamþykktar fyrir svæðið austan Vaðlaheiðar að mörkum Langesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps

Á 83. fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar sem haldinn var 7. júlí sl. var eftirfarandi bókað og samþykkt:

Endurskoðun fjallskilasamþykktar fyrir svæðið austan Vaðlaheiðar að mörkum Langesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps

Í gildi er fjallskilasamþykkt fyrir svæðið austan Vaðlaheiðar að mörkum Langesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps sem tók gildi 12. maí 2023. Þó samþykktin sé ekki gömul þá eru frá samþykkt hennar orðnar breytingar varðandi nýtingu og umhverfi fjallskila sem gera að verkum að sveitarstjórn vill kalla til samráðs og yfirfara framkvæmd og skipulag fjallskilamála með hagaðilum. Einnig þarf að uppfæra samþykktina með tilliti til þess að Héraðsnefnd Þingeyinga er ekki lengur starfandi en samþykktin var unnin í umboði hennar.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar leggur til, að þau sveitarfélög sem standa að samþykktinni, skipi í nefnd sem hefur það að markmiði að endurskoða samþykktina með tilliti til breytts stjórnskipulags.

Sveitarstjórn felur sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs að senda erindi á aðildarsveitarfélög svo að vinna við endurskoðun geti hafist.

Samþykkt samhljóða.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Margrét Hólm Valsdóttir
Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs
Staðgengill sveitarstjóra